



Málstefna Bláskógabyggðar

1. gr. Leiðarljós og gildissvið

Íslensk málstefna einkennist af málvernd og varðveislu íslenskrar tungu. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og sjá til þess að hún sé notuð, samkvæmt 5. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Málstefna Bláskógabyggðar tekur mið af íslenskri málstefnu 2021-2030.

Sveitarfélaginu ber að sjá til þess að allir sem þess þurfa eigi kost á að fá þjónustu á íslensku táknmáli.

Málstefna er mikilvægur hlekkur í stefnu Bláskógabyggðar til þess að varðveita íslensku sem aðal tungumál í allri starfsemi og útgáfu á efni sveitarfélagsins. Markmið málstefnu Bláskógabyggðar er að tryggja að íslenskan sé í forgrunni og aðgengileg fyrir öll samskipti og að málstefnan styðji við samfélagslega þátttöku allra íbúa.

Málstefna þessi gildir á öllum sviðum og starfsstöðvum Bláskógabyggðar.

2. gr. Opinbert mál sveitarfélagsins

Íslenska skal vera meginsamskiptamál í þjónustu og vinnuumhverfi starfsstöðva sveitarfélagsins. Þetta gildir líka um viðmót í tölvum, rafrænni þjónustu og helsta notendahugbúnaði. Þannig ber starfsfólki að nota íslensku í störfum sínum og stjórnsýslu nema ef aðstæður krefjast þess að notuð sé önnur tungumál t.d. í þjónustu við íbúa sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Í rafrænni þjónustu sveitarfélagsins skal allt mál vera skýrt og auðskiljanlegt þannig að íbúar geti hæglega nýtt hana og lokið erindum sínum.

Starfsmenn skulu kalla eftir aðkomu túlka þegar nauðsynlega er talin þörf á því og þegar lög áskilja.

Allt útgefið efni eins og upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins, fundargerðir, efni á heimasíðu og öðrum miðlum skal vera á einfaldri, vandaðri og skýrri íslensku.

Íslensk nöfn stofnana og skóla skulu ávallt vera í forgrunni. Það sama á við um starfsheiti.

Allt efni sem skylt er að upplýsa íbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta á vandaðri og skýrri íslensku. Sama gildir um skipulagsákvæðanir, grenndarkynningar, auglýsingar, tilkynningar, reglugerðir og aðrar samþykktir sveitarfélagsins.

3. gr. Íslenska og önnur tungumál

Í Bláskógabyggð er litið á margbreytileika mannlífsins og tungumálakunnáttu sem auðlind. Sveitarfélagið hvetur og styður starfsfólk af erlendum uppruna til þessað ná góðum tókum á íslensku máli. Starfsfólk, sem er í beinum samskiptum við íbúa, skal hafa grundvallarfærni í íslensku, samanber námskrá í íslensku fyrir útlendinga.

Íslenska skal vera ofan við eða vinstra megin við önnur mál á upplýsingaskiltum. Heimasíða sveitarfélagsins skal vera á íslensku, en jafnframt gefinn kostur á að velja önnur tungumál.

Bláskógabyggð lítur á íslensku sem lykilhluta af menningararfi og samfélagsauð landsins í heild og leggur áherslu á að skapa jákvætt og hvetjandi málumhverfi í allri starfsemi sinni. Sveitarfélagið styður og hvetur til skapandi málræktar með fjölbreyttum viðburðum og verkefnum þar sem íslenskan er í forgrunni. Þar má nefna stuðning við lestrar- og ritlistarverkefni í skólum, viðburði á vegum skólanna s.s. upplestrarkeppnir og aðrar menningarhátíðir sem efla notkun og áhuga á íslensku.

4. gr. Málfar og málnotkun

Sá sem kemur opinberlega fram fyrir hönd Bláskógabyggðar talar og ritar vandað mál og sýnir vinsemd og virðingu í öllum samskiptum og þjónustu. Starfsmenn sem svara erindum skrifa einfaldan og skýran texta. Starfsfólk skal nota vandaða íslensku í samskiptum og þjónustu..

Starfsfólk, sem ekki hefur íslensku að móðurmáli, skal hvatt til þess að öðlast grunnfærni í íslensku og stutt til náms í íslensku, bæði með niðurgreiðslu kostnaðar skv. reglum sveitarfélagsins og aðgangi að rafrænum lausnum.

5. gr. Ábyrgð

Sveitarstjórn ber ábyrgð á málstefnu Bláskógabyggðar en sveitarstjóri og stjórnendur sviða og stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á að fylgja henni eftir.

Málstefnan skal vera birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 15. október 2025